

SAMKOMULAG

milli Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) og SFR stéttafélags í almannþjónustu um breytingu og framlengingu kjarasamnings.

1. gr.

Kjarasamningur milli Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) og SFR stéttarfélags í almannþjónustu (SFR), sem gerður var 9. september 2005, með gildistíma frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2008, framlengist þar til kjarasamningar hafa náðst milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR, þó ekki lengur en til 31. des. 2008, en samkomulag þetta fellur úr gildi við framangreind tímamörk, án frekari fyrirvara.

2. gr.

Mánaðarlaun skv. lið 1.1. í kjarasamningi skulu hækka sem hér segir:

Hinn 1. maí 2008 3%

3. gr.

Samkomulag er um að launahækkun sem kveðið er á um í 2. gr. skuli ekki koma til frádráttar launahækkunum sem aðilar munu semja um í kjölfar samninga SFR við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Hækkun þessi kemur til frádráttar hugsanlegri eingreiðslu sem orsakast af samningstöfum á milli SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Frádráttur þessi getur þó aldrei orðið hærrí en sem nemur hækkun skv. 2 grein.

Að öðru leyti en greinir í samningi þessum fer um kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi, dags. 9. september 2005.

21. maí 2008

F.h. SFR stéttarfélags í almannþjónustu



F.h. Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu

